

Þriðjudaginn 14. febrúar 1989.

Nr. 293/1988. **Uni Þórir Pétursson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Skagaskel hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Sjómannaölg. Vinnusamningur. Kaupgjaldsmál. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 23. ágúst 1988. Hann gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmt að greiða 197.055,50 krónur auk 2,25% dráttarvaxta á mánuði frá 9. apríl 1986 til 1. maí 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig krefst hann staðfestingar á sjóveðrétti í Hafborgu SK-50 til tryggingar greindum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur áfrýjanda verði lækkaðar verulega og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt yfirlýsingu lögmanns stefnda hefur stefndi tekið við öllum eignum Þórðarhöfða hf. og þeim skuldbindingum, sem kunna að hvíla á Þórðarhöfða hf. gagnvart áfrýjanda vegna lögskipta þeirra, sem mál þetta varðar.

Hér fyrir dómi reisir stefndi kröfur sínar á eftirfarandi ástæðum, í fyrsta lagi að áfrýjandi eigi ekki rétt á aflahlut á uppsagnartímabili, heldur einungis kauptryggingu, fastakaupi og orlofi, í öðru lagi að áfrýjandi hafi með tómlæti fyrirgert rétti til þess að hafa uppi frekari fjárkröfur vegna slita ráðningarsamnings, í þriðja lagi að áfrýjandi skuldi stefnda hærri fjárhæð en kröfu hans nemi og sú fjárhæð komi til skuldajafnaðar gegn kröfu áfrýjanda.

Áfrýjanda var vikið úr stöðu skipstjóra, án þess að vanefndir af hans hálfu veittu heimild til uppsagnar. Á áfrýjandi því kröfu á

bótum samkvæmt 2. mgr. 45. gr. sjómanna laga nr. 35/1985 fyrir það tjón, sem frávikningin bakaði honum. Samkvæmt 3. og 4. mgr. 45. gr. laganna skulu bætur til skipstjóra, sé eigi annað sannað, nema kaup á þriggja mánaða uppsagnartímabili, þ. á m. aflahlut, ef honum er til að dreifa.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi krafðist lögmaður áfrýjanda þess í bréfi til framkvæmdastjóra Þórðarhöfða hf. hinn 18. mars 1986 að áfrýjanda yrði greiddur „fullur hlutur í þrjá mánuði“ vegna slita ráðningarsamnings. Þessu bréfi svaraði framkvæmdastjórinn „f.h. Þórðarhöfða h/f og Skagaskel h/f“ hinn 9. apríl 1986 og sendi áfrýjanda reikningsyfirlit og tékka að fjárhæð 100.000,00 krónur. Í yfirlitinu kemur fram að stefndi reiknar áfrýjanda kauptryggingu, fastakaup og orlof vegna mars, apríl og maí 1986, samtals að fjárhæð 158.441,50 krónur, en að frádregnum 58.441,50 krónum, sem áfrýjandi var talinn skulda. Í uppgjöri þessu er áfrýjanda ekki reiknaður aflahlutur. Þótt ekki sé sannað að áfrýjandi hafi haldið innheimtutilraunum áfram fyrr en með stefnu, sem birt var 2. mars 1987, þykir hann ekki hafa glatað rétti sínum til að hafa uppi kröfur um fullar bætur samkvæmt þeim ákvæðum sjómanna laga, sem fyrr greinir.

Skuldajafnaðarkröfur stefnda eru tvíþættar, annars vegar fyrrgreind fjárhæð 58.441,50 krónur vegna 33 netaslangna og iðgjalds í lífeyrissjóð, hins vegar „ofgreidd laun“ 230.478,08 krónur og andvirði „færatógs“ 50.000,00 krónur, sem stefndi heldur fram að áfrýjandi skuldi útgerðinni. Gagnkröfur þessar eru vanreifðar og verða þegar af þeirri ástæðu ekki teknar til greina í þessu dómsmáli.

Ekki er tölulegur ágreiningur um dómkröfur áfrýjanda. Vaxtakröfu er ekki mótmælt.

Samkvæmt því sem að framan greinir ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 197.055,50 krónur með vöxtum eins og krafist er. Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda samtals 110.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi á eftir 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985 sjóveðrétt fyrir dæmdum fjárhæðum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skagaskel hf., greiði áfrýjanda, Una Þóri Pétursyni, 197.055,50 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði

frá 9. apríl 1986 til 1. maí 1987 og með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 110.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/b Hafborgu SK-50 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 20. apríl 1988.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 24. mars 1988 að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu birtri 2. mars 1987.

Stefnandi er Uni Þórir Pétursson skipstjóri, kt. 190342-2639, til heimilis að Kirkjugötu 9, Hofsósi.

Stefndi er Skagasel hf., kt. 430484-0449, Hofsósi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi, Skagaskel hf., verði dæmdur til að greiða honum 197.055,50 kr. auk 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 9. apríl 1986 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum reikningi.

Þá er krafist staðfestingar á sjóveðrétti í mb. Hafborgu Sk-50 til tryggingar á framangreindum fjárhæðum.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Kauptrygging, fastakaup og orlof í mars 1986	kr. 41.071,50
Hlutur með orlofi í apríl 1986	kr. 197.296,00
Kauptrygging, fastakaup og orlof í maí 1986	kr. 58.682,00
	<hr/>
	kr. 297.056,50
Greitt	kr. 100.000,00
	<hr/>
	kr. 197.056,50

Af hálfu stefnda eru dómkröfur þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Til vara krefst stefndi þess að stefnukröfur verði lækkaðar verulega.
3. Stefndi krefst í öllum tilvikum að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 27. febrúar 1986 var allri áhöfninni á mb. Hafborgu Sk-50, sem gerð var út af Þórðarhöfða hf., sagt upp störfum frá og með 28. febrúar 1986 vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri útgerðarinnar. Með bréfi dags. 10. mars 1986 var stefnanda máls þessa, en hann var skipstjóri á bátnum, greint frá því að Skagaskel hf. tæki yfir

allar eigur og allan rekstur Þórðarhöfða hf. Þá var stefnanda greint frá því í bréfi þessu að stjórn Skagaskeljar hf. hafi ráðið Steinþór Sigurbjörns-son sem skipstjóra á Hafborgu og að stefnanda yrðu greidd laun í einn og hálfan mánuð frá og með uppsagnardegi.

18. mars ritar lögmaður stefnanda framkvæmdastjóra Þórðarhöfða hf. (Skagaskeljar hf.), Sigurði Pálmasoni, bréf og krefst þess að stefnanda verði greiddur hlutur í þrjá mánuði, sbr. ákvæði sjómannalaga og kjara- samninga, og að miðað verði við sama aflamagn og báturinn fiskaði í mars, apríl og maí 1985.

9. apríl 1986 sendir Skagaskel hf. Una Péturssyni ávísun að upphæð 100.000,00 krónur ásamt reikningi sem sundurliðar uppgjör milli aðila. Á reikningnum er undirstrikað að þetta sé lokagreiðsla til stefnanda í upp- sagnarfresti hans hjá Þórðarhöfða tímabilið 28. febrúar til 30. maí 1986. Þá er dregið frá launareikningi hans andvirði 33 netaslangna sem Þórðar- höfði taldi sig eiga hjá stefnanda en hann neitaði að skila. Reikningurinn er þannig sundurliðaður:

Mars 1986: 21 dagar	
Kauptrygging og fastakaup	kr. 37.285,50
orlof 10,17%	kr. 3.792,00
Apríl 1986:	
Kauptrygging og fastakaup	kr. 53.265,00
orlof 10,17%	kr. 5.417,00
Maí 1986:	
Kauptrygging og fastakaup	kr. 53.265,00
orlof 10,17%	kr. 5.417,00
Samtals	kr. 158.441,50
Frádregið:	
Lífeyrissjóður	kr. 5.704,00
Netaslöngur 33 stk. á 1.598,10 kr. stk.	kr. 52.737,50
Samtals	kr. 58.441,50
Greitt með ávísun	kr. 100.000,00

Eftir þetta er ekki að sjá að neitt hafi verið gert í málinu fyrr en stefna var birt 2. mars 1987.

Málsástæður og lagarök stefnanda: Stefnandi byggir á því að hann hafi átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti skv. 9. gr. 2. mgr. sjómannalaga nr. 35, 1985 og beri stefnda því að greiða honum staðgengilslaun í þann tíma í samræmi við forðæmisreglu Hæstaréttar.

Málsástæður og lagarök stefnda: Stefndi byggir í greinargerð sinni á því

að sér hafi verið heimilt að vikja stefnanda úr starfi fyrirvaralaust skv. 47. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, vegna ódugnaðar hans, og því hefði stefnandi í raun ekki átt rétt til launa í lengri tíma en hann starfaði hjá stefnda. Þrátt fyrir þetta hefði verið ákveðið að greiða honum laun í þrjá mánuði, sbr. dómskj. nr. 6.

Einnig byggir stefndi á því að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir tómlæti því stefnandi hafi án fyrirvara og athugasemdalaust tekið við lokauppgjöri og ávísun sem því fylgdi, en honum hafi verið í lófa lagið að gera athugasemdir við þetta. Krafa stefnanda, sem gerð er tæpu ári síðar, sé óf seint fram komin. Þessu til stuðnings bendir stefndi á Hrd. 1968, 928.

Einnig heldur stefndi því fram að stefnandi skuldi sér í raun hærri fjárhæð en krafa hans nemur, sbr. dómskj. nr. 11. Hann krefst þess að til skuldajafnaðar komi, nái krafa stefnanda fram að ganga að einhverju leyti.

Hér á eftir verður greint frá skýrslum sem teknar voru hér fyrir dómi.

Fyrstur kom fyrir dóminn Sigurður Pálmason, 30 ára framkvæmdastjóri, Hlíðarvegi 54, Ólafsfirði. Hann hóf störf hjá Þórðarhöfða hf. 15. september 1985 og starfaði hjá fyrirtækinu í rúmt ár. Hann var fyrst beðinn um að útskýra dómskjal nr. 14. Kveður hann það vera viðskiptareikning milli Una Péturssonar annars vegar og Þórðarhöfða eða Skagaskeljar hins vegar, sem sýni launagreiðslur og önnur viðskipti milli aðila. Sigurður telur efstu tölu skjalsins, kr. 176.369,18, uppsafnaða skuld Una Péturssonar við fyrirtækið frá 1985 og að hann minni að það séu mest öftekinn laun. Aðspurður um fylgiskjal nr. 196 á dómskjali nr. 14, kr. 150.000,00, greiðslu til Una Péturssonar, segir Sigurður það vera kaup Þórðarhöfða á hlutafjárlofordi Una í fyrirtækinu, sbr. dómskj. nr. 15. Aðspurður um verð á 33 netaslöngum, sem í uppgjöri við Una Pétursson voru dregnar frá launum hans vegna þess að hann hafði ekki skilað þeim til fyrirtækisins, segir Sigurður að það hafi verið nærri lagi á þessum tíma en það hafi ekki verið athugað sérstaklega. Þá segir Sigurður að sér hafi ekki verið kunnugt um að Uni ætti eftir að fá greitt fyrir s.k. kraftaverkanet sem Uni telur sig hafa lagt útgerðinni til.

Sigurður kveður að hann hafi fyrst orðið var við að Uni mótmælti uppgjörinu er honum bárust fréttir af því að stefna hefði verið birt í máli þessu. Sigurður neitar því að Uni hafi haft samband við sig vegna uppgjors þessa frá því að uppgjörð var sent og fram að þeim tíma að stefna var gefin út.

Næstur kom fyrir dóminn Uni Pétursson, stefnandi máls þessa. Aðspurður kannaðist hann ekki við að hafa skuldað Þórðarhöfða kr. 176.369,18 um áramótin 1985-1986. Hann segir að þetta sé í fyrsta sinn sem hann sjái þessa tölu. Hann hafi alltaf talið að öll uppgjör milli sín og Þórðarhöfða hafi verið rétt. Um netaslöngur þær, sem dregnar voru frá launum hans á uppgjöri því sem honum var sent (dómskj. nr. 6), segist

stefnandi hafa verið í þeirri trú að hann ætti þær inni hjá útgerðinni vegna þess að um vorið 1985 fór Hafborgin Sk-50 á net sem hann lagði til. Stefnandi segir að þetta hafi verið 60-70 net. Stefnandi kveðst hafa tekið 10 stk. aftur en önnur hafi verið ónýtt. Af þessum sökum taldi hann sig hafa gert vel við útgerðina með því að hafa einungis tekið 33 slöngur fyrir hinar. Stefnandi segir að í raun eigi hann enn 20 slöngur hjá útgerðinni, en teinana af hinum netunum hafi hann tekið aftur.

Aðspurður um það hvort hann hafi mótmælt þeim hætti sem hafður var við uppgjörið (dómskj. nr. 6) segist stefnandi hafa gert það við Sigurð Pálmason og sagt honum að hann ætti rétt til staðgengilslauna. Stefnandi kveður mótmæli þessi einungis hafa verið gerð munnlega.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnanda sömu kröfur og greinir í stefnu, þó þannig að hann gerir, að fengnu samþykki lögmanns stefnda, kröfu um hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 1. maí 1987 til greiðsludags.

Lögmaður stefnanda segir að ekki sé um tölulegan ágreining að ræða milli aðila. Lögmaður stefnanda kveðst ekki geta fallist á að um tómlæti sé að ræða hjá umbjóðanda sínum og vitnar í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 1987 eða seint á árinu 1986, Ármannsfell gegn Espigerði 2 eða 4. Lögmaðurinn leggur áherslu á að dómskj. nr. 14 sé ekki endurskoðað og að aldrei hafi verið gerð krafa til að innheimta skuld umbjóðanda hans hjá Þórðarhöfða. Þá mótmælir hann að skilyrði til skuldajafnaðar séu fyrir hendi að því er snertir netaslöngurnar, og vísar í því sambandi til laga um verkkaup frá 1930.

Lögmaður stefnda gerir sömu kröfur og greinir á dómskj. nr. 10. Hann lýsti því yfir að hann félli frá fyrstu málsástæðu sinni, þ.e. að heimilt hafi verið að víkja stefnanda fyrirvaralaust úr skiprúmi, en heldur fast við málsástæðurnar tómlæti og skuldajöfnuð. Hann telur skilyrði til skuldajafnaðar vera fyrir hendi en byggir einnig á því að vegna tómlætis hafi stefnandi firrt sig þeim rétti sem hann kunnir að hafa haft. Máli sínu til stuðnings afhendir hann nokkurn fjölda dóma um tómlæti, en rekur þá ekki sérstaklega. Hann leggur áherslu á að á dómskj. nr. 6 sé undirstrikað að um lokagreiðslu sé að ræða og að stefnandi hafi ekki gert neina athugasemd við þetta uppgjör.

Niðurstöður: Stefnandi máls þessa byggir kröfu sína á því að hann eigi eftir ákvæðum 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985 rétt á staðgengilslaunum í þrjá mánuði frá því að honum er sagt upp störfum. Á þetta verður út af fyrir sig fallist með stefnanda. Stefnandi hefði því átt rétt á bótum fyrir það tjón sem uppsögnin bakaði honum. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að stefnandi hafi haft einhverjar tekjur á þessu tímabili, sem hefðu þá átt að koma til frádráttar. Skipstjóri á skv. 45. gr. sjó-

mannalaga rétt á óskertum launum, þar á meðal aflahlut, í þrjá mánuði, sbr. 3. og 4. mgr. 45. gr.

Stefnandi heldur því einnig fram að óheimilt sé að skuldajafna kaupverði netaslangnanna við launagreiðslu stefnda og vitnar í því sambandi til laga um verkkaup. Ekki hefur í máli þessu verið deilt um verðlagningu neta-slangnanna, sem dregnar eru frá launum stefnanda, og verður því að líta svo á að verð þetta hafi verið rétt á þeim tíma er greiðslan fór fram. Í 1. gr. laga um verkkaup segir að óheimilt sé að greiða kaup með skuldajöfnuði nema svo hafi sérstaklega verið um samið. Virðist því verða að líta svo á að Þórðarhöfða hf. hafi verið óheimilt að draga andvirði neta-slangnanna frá launum stefnanda eins og gert var á uppgjöri því er honum var sent 9. apríl 1986.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á skuldajöfnuði vegna ofangreindra launa, sbr. dómskjal nr. 14, og tómlætis. Ekki virðist unnt að leggja dómskjal nr. 14 til grundvallar þar sem það er óendurskoðað og stefnandi hefur mótmælt því að hafa skuldað stefnda nokkuð um áramótin 1985-1986.

Stefndi hefur ítrekað lagt áherslu á að á lokauppgjöri því sem stefnanda var sent 9. apríl 1986 hafi verið undirstrikað að þetta væri lokagreiðsla og því sé hér um tómlæti að ræða af hálfu stefnanda því krafa hans komi fram tæpu ári eftir að greiðslan fór fram. Dómarinn telur að fallast verði á þessi rök stefnda, enda þótt réttur stefnanda byggist á lögfestum reglum. Stefnandi tók við greiðslu, þar sem sagt er að um lokagreiðslu sé að ræða, án athugasemda og fyrirvaralaust. Þykir hann því hafa glatað rétti til að heimta frekari greiðslu, því hér sem endranær gildir sú almenna regla að sá sem leitar ekki réttar síns án ástæðulausrar tafar þegar honum er réttur-inn ljós á á hættu að glata þeim rétti vegna tómlætis. Hér verður að telja að stefnda hafi verið rétt að líta svo á að samskiptum hans og stefnanda hafi verið lokið þar sem stefnandi gerði engar athugasemdir við uppgjörið fyrr en tæpu ári eftir að það var sent honum.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skagaskel hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Una Þóris Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.